

IÐJURJÁLFINN



IÐJURJÁLFAFÉLAG ÍSLANDS

2. TBL. • 17. ÁRGANGUR • DESEMBER 1995

BERGFELL HF.

Fjölbreytt úrval af rækjum fyrir hreyfihamlaða einstaklinga í heimahúsum og á sjúkrastofnunum.

Þroskaleikföng – rofar – þjálfunartæki. Tjáskiptatæki.

Hjólastólar – göngugrindur – lyftur (hoist) frístandandi og í loft og margt fl.

Hagstæðustu verðin á markaðinum.

Leitið upplýsinga um verð og fáði senda bæklinga

Impala

Stóllinn frá R82 er nýr fjölnotastróll sem hentar bæði í heimahúsum og á stofnunum.

Ný famleiðsla – frábært verð – frábær gæði



Impala

fjölnota hvíldar-
og hjólastólar
frá R82

BERGFELL HF.

Skipholt 50c

Sími 551 6990

Fax: 551 6956

ÍÐJUPJÁLFINN

NYCOMED ALULITE 4-skipt



Stöðug, létt (57 kg) rúm fyrir heimili og sjúkrastofnanir



NYCOMED
PHARMA



Austurbakki hf.

P.O. BOX 909 – 121 REYKJAVÍK, ICELAND

Borgartún 20, 105 Reykjavík – Sími: 562 8411 – Fax: 562 8435

FAGBLAÐ IÐJUPJÁLFA

Pósthólf 4159

124 Reykjavík

PRENTUN: Offsetfjölritun hf.
Mjólnisholti 14, 105 Reykjavík

RITNEFND: Anna Ingileif Erlendsdóttir
Erna Magnúsdóttir
Gunnhildur Gísladóttir
Sigríður Kr. Gísladóttir

STJÓRN: Hope Knútsson, formaður
Guðrún Kristín Guðfinnsdóttir, varaformaður
Elsa Ingimarsdóttir, gjaldkeri
Katla Kristvinsdóttir, ritari
Bára Sigurðardóttir, meðstjórnandi
Anna Sveinbjörnsdóttir, meðstjórnandi
Auður Axelsdóttir, meðstjórnandi

EFNISYFIRLIT:	Ritnefndarspjall	Bls.	5
	Njóttu lífsins, árin líða	–	7
	Ráðgjafadeild um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir	–	11
	Tölvumiðstöð fatlaðra	–	14
	Geta allir lært að lesa og skrifa?	–	17
	Tölvur og smábörn	–	20
	Málörvun og tölvur	–	21
	Leikurinn í iðjupjálfun barna	–	25
	Fréttir að norðan	–	27

BERGFELL HF.

Fjölbreytt úrval af tækjum fyrir hreyfihamlaða einstaklinga í heimahúsum og á sjúkrastofnunum.

Proskaleikföng – rofar – þjálfunartæki. Tjáskiptatæki.



Hjólastólar – göngugrindur – lyftur (hoist) frístandandi og í loft og margt fl.

Hagstæðustu verðin á markaðinum.

Leitið upplýsinga um verð og fáid senda bæklinga

ETAC SWEDE CROSS

Hágæða hjólastólar af öllum gerðum. Sænsk hágæðavara á frábæru verði.



ETAC Swede Cross

ETAC hjólastólar hafa lífstíðar ábyrgð á undirstelli.

Swede Cross hjólastólana er unnt að sníða að þörfum notandans. Sæti og bak eru stillanleg umfram aðra stóla sem dregur úr „kerrupokastellingu“ notandans. Undirstell eru fáanleg í mismunandi hæðum (stillanlegt), breiddum og lengdum.

Afgreiðslutími á Swede Cross hjólastólum er um 3 dagar.

BERGFELL HF.

Skipholt 50c • Sími 551 6990 • Fax 551 6956

Ritstjórnarspjall

Ágæti lesandi.

Nú er nokkuð liðið á desembermánuð og nítjándi ári í sögu Iðjupjálfafélagsins að ljúka.

Við ákvörðun á efni blaðsins, komumst við að því að til þessa hefur lítið sem ekkert verið fjallað um tjáskiptatæki í Iðjupjálfanum. Margir iðjupjálfar vinna með sjúklinga, sem eiga við svo mikla fötlun að stríða að þörf er á slíkum tækjum til hjálpar. Þótti okkur því við hæfi að helga þetta blað þeim þætti iðjupjálfunar.

Um leið og við þökkum öllum þeim sem hafa lagt okkur lið, óskum við ykkur gleðilegra jóla og velfarnaðar á nýju ári.

Hættum að lyfta

MEDEMIC SVENKO

hjálpartæki sem hafa vinnuvernd að leiðarljósi

Rennidýnur, lyftisþjöld fyrir alla sem nota hjólastóla
eða eiga erfitt með að snúa sér í rúmi

Flutningsdýnur

– breidd 50, 60, 70, 90 cm lengd –
190 cm fyrir þá sem þurfa meiri hjálp

Fiberdýnur

Kærkominn kostur fyria allar þurfa að hvílast vel,
hafa gigt, beinþynningu eða eku bakveikir

VESTKOT

Brekkuseli 12 • 109 Reykjavík • Sími 557 2892

Anna Ingileif Erlendsdóttir iðjupjálfi
Erna Magnúsdóttir, iðjupjálfi

Njóttu lífsins árin líða

Í október síðastliðnum lá leið ritnefndarmanna að Sléttuvegi 3; SEM-húsinu, en SEM stendur fyrir samtök endurhæfðra mænuskaddaðra einstaklinga. Tilgangur ferðarinnar var að taka viðtal við einn íbúann, til að fá upplýsingar um hvernig hin ýmsu umhverfisstjórnartæki nýtast honum. Við hringjum á dyrabjöllu hjá viðmælanda, hurðin opnast sjálfkrafa og á móti okkur tekur brosandí ungur maður í rafmagnshjólástól.

Viðmælandinn heitir Arnþór Karlsson, fæddur á Þórshöfn þann 18. apríl 1954 og sleit þar barnsskónum. Arnþór ólst upp hjá foreldrum sínum ásamt tveimur systkinum. Öðrum spyrjandanum varð að orði að hann virtist vera mun yngri en árin segja. Þá sagði Arnþór að hann segðist stundum vera þrítugur fyrir utan virðisaukann.

Aðspurður kvaðst Arnþór hafa klárað skyldunámið; var búinn að íhuga að fara í Stýrimanna- eða Vélskólann en af því varð ekki.

Eftir skylduna (16 ára) fór hann á sjó, en



Arnþór Karlsson við símann.

stofnaði jafnframt vinnuvéla fyrirtæki ásamt bróður sínum og föður. Hann vann síðan á gröfu á sumrin en stundaði sjóinn á veturna.

Hver voru helstu áhugamál þín á þessum tíma?

Ég hef alltaf haft mikla bíladellu, nú svo stundaði maður útiþróttir og blak í félagsheimilinu. Annars var ekki mikið um íþróttir á Þórshöfn.

Hvernig slasaðist þú?

„Við fórum nokkrir vinir á ball 20. júní 1976. Ég keyrði og á heimleiðinni fór bíllinn útaf veginum; enginn var í bílbelti og allir köstuðust út. Ég var sá eini sem slasaðist.“

Arnþór lenti á höfðinu, skaðaðist á fimmta hálslið og var fluttur með sjúkraflugi á Borgarspítalann í Reykjavík. Arnþór segir svo frá: „Ég man ekkert eftir flugferðinni. Ég var látinn liggja nokkra daga á meðan sárin voru að gróa, en var svo skorinn upp; bein var tekið úr mjöðminni og sett við liðinn til að styðja við hann. Ég gerði mér ekki grein fyrir hvað hafði gerst við slysið. Ég ætlaði bara að vera í nokkra daga og koma mér svo heim. Það hvarflaði ekki að mér að ég væri lamaður“.

Arnþóri var ekki sagt að hann væri lamaður og hann segir að hann hafi ekki verið tilbúinn til að vita það strax.

Af Borgarspítalanum var Arnþór fluttur á Grensásdeild. Þar var hann þjálfður bæði í iðju- og sjúkrapjálfun. Spelka var útbúin handa honum á vinstri hendi og hefur hann eina mjög svipaða í dag. Þó nokkur tími var notaður til að þjálfra hann í notkun venjulegs hjólastóls en það gekk ekki nógu vel, því hann hefur nánast engan kraft í höndunum. Heyrði hann þá á tal þjálfara og læknis að best væri að láta hann í rafmagnsstól. Það kom bara einn stóll í huga Arnþórs og það var hinn eini sanni rafmagnsstóll eða að það dygði að gefa honum hressilegt rafstuð og þá yrði allt betra. Arnþór brosir að þessu núna og segir að þetta lýsi vel hvað hann var óraunsær, barnlegur eða blindur á eigin fötlun.

Hvernig gekk að sætta sig við að vera lamaður?

„Ég uppgvötvaði þetta hægt og rólega

sjálfur; mér fannst eins og að starfsfólkið í kringum mig fyndi að ég vildi hafa þetta svona. Það var því ekkert að segja beint út að ég væri lamaður. Ég var í vikur, jafnvel mánuði að átta mig á hlutunum.“

Einu og hálfu ári síðar ('78) fór Arnþór aftur til foreldra sinna á Þórshöfn. Af hjálpartækjum hafði hann einungis rafmagnshjólastól og spelku. Hjúkrunarfræðingur kom á hverjum morgni virka daga; aðallega til að teygja á liðum og klæða Arnþór. Með annað varð hann að reiða sig á fjölskyldumeðlimi; bróður sinn og mág, en seinni árin aðallega á mág. Arnþór segir að það sé óskiljanlegt hvernig þetta gekk heima með ekki fleiri hjálpartækjum. „Ég er heppinn að eiga góða fjölskyldu.“

Hvað hafðir þú fyrir stafni þegar þú komst heim aftur?

„Ég var með talstöðvarþjónustu fyrir báta áður en farsíminn kom. Ég pantaði kost, varahluti og kom skilaboðum áleiðis. Þar sem ég get ekki skrifað þá tók ég allt upp á segluband. Ég hafði aðstöðu heima. Tvö síðustu árin, sem ég var heima var farsíminn búin að taka völdin. Eftir að talstöðvarþjónustan lagðist af flutti ég til Reykjavíkur. Ég hafði lengi ætlað mér að flytja en það drógst, því ég átti aldraða foreldra á Þórshöfn. Ég fluttist í SEM-húsið í nóvember 1991.

Hvað finnst þér um að svona margir fatlaðir búi saman?

„Ég var hræddur í byrjun um að það yrði rennerí á milli íbúða. En svo er ekki; ég vel hverja ég umgengst eins og ég myndi gera ef ég byggji í venjulegri blokk. Á sínum tíma var hægt að leysa vanda margra með svona blokk, en í dag er stefnan að kaupa íbúðir eftir þörfum.“

Við spurðum Arnþór hvort hann vildi frekar búa út í bæ. Hann segist efast um



Fjarstýringar sem Arnþór stjórnar með spelkunni.



Armur sem festur er á höfðagafl.

það, sé mjög ánægður með staðsetninguna á SEM-húsinu.

Hvaða breytingar hafa orðið á lífi þínu eftir að þú fluttir til Reykjavíkur?

„Miklar breytingar hafa orðið, en ég hef samt ekki nýtt þau tækifæri sem eru í boði nógu vel, eiginlega ætti ég að fara eftir því sem stendur á platta sem mér var gefinn.“ Arnþór vísar hér til platta þar sem stendur: Njóttu lífsins, árin líða.

„Mesta breytingin sem hefur orðið er í sambandi við hjálpartækin. Ég skil ekki hvernig þetta gekk heima á Þórshöfn, þar sem ég hafði einungis hjólastól og spelku. Ég var háður öðrum um alla hluti. Fljótlega eftir að ég flutti í SEM húsið fékk ég fjarstýrða gluggaopnara og fannst mér það mikil bylting.“

Arnþór getur nú opnað og lokað gluggum í svefnherbergi og í stofu án hjálpar. Einnig getur hann opnað dyrnar á íbúðinni og á bílskúrnum með fjarstýringu.

Hann þarf að nota bílskúrinn til að komast inn í blokkina, því aðaldyrnar eru ekki þannig hannaðar að Arnþór geti notað þær. Hann notar einnig fjarstýringu á sjónvarp og útvarp. Í svefnherberginu hefur Arnþór rafmagnsstýrt rúm með lyftu og stillanlegum rúmbotni. Á höfðagaflinum er armur með fjarstýringum fyrir sjónvarp og gluggaopnara sem hann hefur. Þessum fjarstýringum stjórnar hann með því að setja prik í munninn og þrýsta þannig á takkana.

Auk þess hefur Arnþór tvo rafmagnshjólastóla. Hann er búinn að fá nýjan stól með rafmagni í fótafjöllum og sæti, þannig að nú getur hann sjálfur hallað bakinu aftur. Hann hefur einnig lyftara, sem er algjör bylting fyrir aðstoðarfólkið að hans sögn.

Hve mikla aðstoð færðu við athafnir daglegs lífs?

„Heimahjúkrunin kemur milli sjö og

átta á morgnanna og snýr mér í rúminu. Því næst kemur heimilishjálpin um kl. hálf tíu og gefur mér morgunmat. Arnþór er mataður, því hann getur ekki borðað sjálfur í rúminu. Heimahjúkrunin (hjúkr-unarfr. og sjúkraliði) koma um kl. hálf ell-fu. Þær klæða Arnþór og hjálpa honum í hjólastólinn. Það fær hann eftir þörfum.

Hvernig finnst þér að láta mata þig í rúminu; þar sem þú getur borðað sjálfur ef þú situr í stól?

„Ég var vanur frá því þegar ég var á Bsp. og Grensás. Ef ég væri ekki mataður í rúminu, þá þyrfti ég að sleppa morgunmatnum því heimahjúkrunin kemur ekki fyrr til að klæða mig.“

Arnþór fær heimsendan mat í hádeg-inu 5 daga vikunnar. Heimilishjálpin sker matinn og getur Arnþór þá borðað sjálfur með því að setja venjulegan gaffal í spelkuna. Heimilishjálpin hefur til kaffi og kvöldmat; hún kemur fjórum sinnum á dag í u.þ.b. 20 til 30 mín í senn. Heimahjúkrunin kemur á morgnana og kvöldin og lítur til hans á næturnar. „Ég vil hafa alla hluti á sínum stað, hvort sem það er blaðið, kaffibollinn eða annað sem ég nota. Sumum finnst þetta óhófleg nákvæmni, en ég geri þetta til að vera ekki öðrum háður við að finna hlutina.“

Hefur þú einhverja liðveislu?

„Nei, mér var boðin liðveisla en þáði hana ekki. Ég fer stundum með vinum í bió, á íþróttaleiki og sýningar; ætlaði á tölvusýninguna en hætti við, þar sem það var svo margt fólk. Ég fór á bar í staðinn og horfði á íþróttaleik.“

Við sjáum tölvu hjá Arnþóri og spyrjum hvort hann noti hana mikið?

„Tölvan er nauðsynleg, því alltaf er hægt að fíkta eitthvað. Spelkan kemur sér vel við tölvuna, því til þess að slá á lykla-

borðið nota ég oddinn, sem er á henni; eins er með símann og fjarstýringarnar.“

Síminn hringdi nokkrum sinnum meðan við vorum hjá Arnþóri og sáum við að símtólið var á armi, svo hann gat keyrt beint að því.

Hver er þín framtíðarsýn?

„Ég vona að tölvan geti gefið meiri möguleika. Það væri einnig gott að komast burt í nokkra tíma á dag; etv. í vinnu. Ég læt mig dreyma um eigin bíl, sem ég kæmi stólnum fyrir í, þótt einhver myndi keyra fyrir mig. Þá kæmist ég þangað sem mig langar, þegar mér hentar og þyrfti ekki panta bíl með dags fyrirvara.“

Í dag notar Arnþór ferðapjónustu fatlaðra til að komast þangað sem hann ætlar.

„Ég er meðlimur í veiðifélagi, sem stofnað var í sumar hjá Reykjavíkurdeild Sjálfsbjargar og heitir Smugan. Þar er allt í þróun hvað varðar veiðifæri fyrir fatlaða. Það yrði ekkert mál að festa stöngina og hafa létt hjól; vandamálið er að kasta spúninum. Lausnin er kannski að hafa fjarstýrðan bát og láta hann fara með spúninn út í vatnið. Kannski það verði tæknistýrð veiðistöng í framtíðinni. Búið er að úthluta lóð við Elliðavatn, þar sem setja má bryggju. Svo hefur verið gerð aðstaða við Reynisvatn til að létta fötluðum að athafna sig.“ – Það leynir sér ekki að viðmælandi okkar hefur mikinn áhuga á veiðiskap, því ánægjuglampi sést á svipnum þegar hann talar um þessi mál.

Við kveðjum nú með þökkum þennan brosmilda og skemmtilega viðmælanda, sem leyfði okkur að skyggjast inn í heim sem almenningur þekkir alltof lítið til.

Jóna Guðbjörg Ingólfssdóttir, þroskajálfi/sérk. PRIVATE
Sigrún Grendal Magnúsdóttir, talmeinafræðingur

Ráðgjafadeild um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir



„Tákn með tali.“

Tjáskiptadeild Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins tók til starfa í byrjun árs 1991. Deildin veitir ráðgjöf, grunnþjálfun og eftirfylgd varðandi óhefðbundnar tjáskiptaleiðir og er sú eina sinnar tegundar á landinu. Tjáskiptadeild starfar innan Göngudeildar Greiningarstöðvar. Undirritaðar eru fastir starfsmenn deildarinnar ásamt iðjupjálfum þegar við á. Einnig er gott samstarf við aðra fagaðila s.s. talmeinafræðinga, sjúkráðgjafara og starfsmenn leikfangasafns.

Með óhefðbundnum tjáskiptaleiðum er átt við þær leiðir sem færar eru þegar tal nýtist ekki til tjáskipta. Má þar nefna Tákn með tali sem byggir á hreyfingum handa; Bliss, Pictogram og fleiri myndkerfi sem byggja á bendingum og tæknileg tjáskiptatæki s.s. tölvur og talvélar.



„Ég „tala“ með því að benda á tákn. Þú getur lesið hvað ég segi.“

Peir sem njóta þjónustu deildarinnar eru:

- Börn er vegna fötlunar (mál/hreyfi-hömlunar) þurfa aðrar tjáskiptaleiðir í stað eða til stuðnings töluðu máli.
- Eldri einstaklingar sem þurfa á sérhæfðri aðstoð að halda á þessu sviði og aðrir greiningar- eða þjálfunaraðilar eru ekki fyrir hendi.

Í hverju felst þjónustan?

- Taka þátt í að meta hvort nota eigi óhefðbundnar tjáskiptaleiðir.
- Velja viðeigandi tjáskiptaleið og hvort hjálpertækja sé þörf.
- Sjá um kennslu og þjálfun foreldra og annarra þjálfunaraðila í notkun viðkomandi tjáskiptaleiðar.
- Byrjunarþjálfun notandans.
- Veita eftirfylgd varðandi áður nefnda þætti.
- Halda námskeið og kynningar um óhefðbundnar tjáskiptaleiðir.
- Vera leiðandi á þessu sviði og fylgjast með þróun og nýjungum hér á landi sem og erlendis.
- Samvinna við aðila sem vinna að

tengdum verkefnum og tæknilegum úrlausnum.

Breyttir tímar, aðstæður og áherslur hafa leitt til þess að fólk er almennt orðið meðvitaðra um þá möguleika er felast í óhefðbundnum tjáskiptaleiðum. Ekki má gleyma tækninni sem stöðugt fleygir fram og opnar nýjar leiðir. Þetta hefur í för með sér að æ oftar er leitað til okkar vegna eldri skjólstæðinga og beðið um endurnmat á stöðu þeirra. Gott dæmi um þetta er samvinna okkar við Iðjupjálfunardeildina á Reykjalundi.

Þegar leitað er tæknilegra úrlausna er sérstök þörf á náinni samvinnu við sjúkra- og/eða iðjupjálfa. Þar koma til þættir eins og líkamsbeiting, stöður og stellingar og val á tæknibúnaði. Iðjupjálfar hafa komið sérstaklega sterkt inn í myndina varðandi val á tölvu- og rofabúnaði. Þá er einnig haft samstarf við tölvumiðstöð fatlaðra og Hjálpertækjamiðstöð tryggingastofnunar. Miklu skiptir að samræma þann tæknibúnað sem valinn er til tjáskipta og annarra nota.



Tæknileg tjáskiptatæki tengd við hjólastól.

Öllum börnum með Down heilkenni er vísað á Tjáskiptadeildina um eins árs aldur. Tákn með tali hefur nýst þessum börnum til málörvunar og til tjáskipta. Þessi hópur barna skipar í raun stóran sess í starfi deildarinnar og má nefna að síðastliðið ár stóð deildin fyrir á þriðja tug námskeiða í Tákn með tali. Námskeiðin eru ætluð þeim sem tengjast barninu svo sem fjölskyldu og fagfólki.

Við á Tjáskiptadeild leggjum mikið uppúr samvinnu við aðra sem vinna að svipuðum verkefnum. Meðal annars höfum við tekið þátt í svokölluðum Tölvuhópi, sem Tölvumiðstöð fatlaðra stendur fyrir. Sjálfar stofnuðum við til samstarfshóps um Tákn með tali og einnig höldum við reglulega Blissfundi. Töluvert er leitað til okkar vegna vinnu við gerð tjáskiptaforrita og höfum við tekið þátt í slíkri samvinnu bæði hér á landi og erlendis.

Sem betur fer hafa augu manna opnast fyrir mikilvægi tjáskipta og óhefðbundnar tjáskiptaleiðir hlotið aukna viðurkenningu. Það eru því óþrjótandi verkefni framundan og spennandi að takast á við þau.

Iðjubjálfi óskast

Bergfell hf. og ETAC AB í Svíþjóð óska eftir iðjubjálfa í hlutastarf.

Bergfell hf. er heildsölu- og smásölufyrirtæki með fjölbreytt úrval af stoðtækjum / hjálpar-tækjum. Við leitum eftir iðjubjálfa til að annast mikilvæga ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavinum vegna sölu okkar á ýmsum gerðum of hjólastólum. Aðallega er um að ræða hjólastóla af gerðinni ETAC Swede Cross, en einnig aðra ETAC stóla, göngugrindur o. fl. Iðjubjálfi mun annast gerð fræðsluefnis, námskeiðahald, kennslu og fyrirlestra á vegum fyrirtækisins í samráði við hina erlendu framleiðendur.

ETAC hjólastólar og göngugrindur eru nú á lager í Tollvöru-geymslunni og afgreiðslutími í flestum tilfellum aðeins um þrír dagar.

Allar nánari upplýsingar verða veittar hjá Bergfell hf. í síma

551 6990

Sigrún Jóhannsdóttir talmeinafræðingur
og forstöðumaður Tölvumiðstöðvar fatlaðra

Tölvumiðstöð fatlaðra

Tölvumiðstöð fatlaðra var stofnuð að tilstuðlan svokallaðs SAFÍR hóps haustið 1985. Hún tók síðan til starfa í janúar 1987. Starfsemin lá niðri um tíma, en haustið 1992 var nýr forstöðumaður ráðinn og fékk miðstöðin aðsetur í húsnæði Öryrkjabandalagsins að Hátúni 10. Nú í haust flutti Tölvumiðstöðin í nýtt og glæsilegt húsnæði Félagsmálaráðuneytisins að Hátúni 10d. Húsið er byggt fyrir starfsemi Starfsþjálfunar fatlaðra en gert var ráð fyrir Tölvumiðstöðinni í húsinu frá upphafi.

Þau félög sem stóðu að stofnun Tölvumiðstöðvarinnar mynda nú stjórn hennar. Þau eru:

Blindrafélagið,
Félag heyrnarlausra,
Landsamtökin Proskahjálþ,
Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra,
Sjálfsbjörg,
Landsamband fatlaðra,
og Öryrkjabandalag Íslands.

Tölvumiðstöð fatlaðra er þjónustumiðstöð sem veitir upplýsingar og ráðgjöf um tölvur og tölvuvæddan búnað. Hún þjónar öllum hópum fatlaðra, ungum sem öldnum. Veitt er ráðgjöf til einstaklinga og faghópa. Starfsmenn eru tveir, Sigrún Jóhannsdóttir forstöðumaður sem er talmeinafræðingur að mennt og Jens Tollefsen kennari og tæknimaður. Bæði hafa margra ára reynslu í notkun tölvutækni sem hjálpartæki fyrir fatlaða.

Hlutverk miðstöðvarinnar markast af eftirfarandi starfsemi:

Fagleg ráðgjöf

Sú reynsla og þekking sem tekist hefur að byggja upp, með góðri samvinnu við fagfólk sem tengjast skjólstæðingum Tölvumiðstöðvarinnar, gerir okkur kleift að veita faglega ráðgjöf sem byggir á þekkingu á möguleikum og takmörkunum tengdum fötlun og þekkingu og innsæi á möguleikum hvers skjólstæðings út frá aðstæðum hans. Við veitum einnig ráðgjöf varðandi búnað og aðstæður sem þurfa að vera til staðar til að búnaðurinn komi að sem bestum notum.

Tæknileg ráðgjöf

Tölvumiðstöðin veitir upplýsingar um mismunandi tækniúrræði og aðlagar búnað að þörfum hvers skjólstæðings. Hún veitir einnig skólum og öðrum stofnunum ráðgjöf varðandi tækniúrræði sem henta fötluðum.

Ráðgjöf um leiðir

Tölvumiðstöðin leiðbeinir um leiðir til öflunar tölvubúnaðar og þjálfunar.

Upplýsingamiðlun

Tölvumiðstöðin leitast við að koma upplýsingum um nýjungar og þjónustu miðstöðvarinnar á framfæri.

Samhæfing

Tölvumiðstöðin leggur áherslu á að þeir aðilar sem tengjast máli skjólstæðings

vinni saman að settu marki. Hún leitar því eftir samvinnu við aðra fagaðila sem tengjast einstökum málum.

Margir hafa notað þjónustu Tölvumiðstöðvarinnar og hefur samstarfið við stofnanir, skóla og einstaklinga verið lærdómsríkt og hvetjandi fyrir okkur. Og margsannað mikilvægi þess að nauðsynlegt er að getað prófað og fengið ráðgjöf um hvaða búnaður henti best hverjum og einum, áður en farið er út í kaup.

Þegar finna á búnað fyrir fjölfatlaðan einstakling er nauðsynlegt að fagfólk og aðrir sem tengjast máli hans vinni saman að því að finna hentugustu lausnina. Tölvumiðstöðin hefur leitað eftir samvinnu við iðjupjálfa eða sjúkráþjálfara í einstökum málum, þar sem við teljum nauðsynlegt að réttri líkamsbeitingu sé beitt til að sem bestur árangur náist.

Heilsukoddar

Höfum til sölu einstakan heilsukodda sem er hannaður til að veita góðan stuðning við háls. Með koddanum verður afstaða höfuðs, háls og líkama eðlileg og þú sefur betur. Heilsukoddinn er á mjög hagstæðu verði eða 2.900 kr.

Seljum einnig margar gerðir af stuðningsbeltum, spelkum, gelsessum og öðrum stoðtækjum.

Hringdu og fáðu nánir upplýsingar.

Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík, sími 562 1460



Styrktarlínur

Ingvar og Gylfi hf.
Húsgögn og innréttingar

Raðhúsgögn

Þorvaldur B. Jónsson
skipamiðlari
Hafnarhúsinu

Tònika h.ð. – Umboðs- og heildverslun
Melabraut 53
Sími 561 1668

Rakarastofan
Grímsbæ
Efstalandi 26
Sími 553 1222

Þórir B. Guðjónsson
Hafnarbraut 1D
200 Kópavogur
Sími 554 0233



Grensásvegi 7
Sími 568 2468

Gunnhildur Gísladóttir iðjupjálfi stytti og þýddi úr HIT

Geta allir lært að lesa og skrifa?

Nei og síst börn með tjáskipta-örðugleika og hreyfihömlun. En það hefur sýnt sig að tjáskiptatæki og tölvur geta nýst þessum börnum til aukins lestrar- og skriftarþroska. Hugmyndin kemur upphaflega frá Bandaríkjunum.

Tæknin getur verið stór hjálp, við lausn á lestrar og skriftarvankvæðum – einnig hjá börnum með skerta getu. Með talgervlum og tölvuprógrömmum hefur opnast nýr möguleiki fyrir þessi börn, sem veitir þeim aðgang að bókmenntum og gefur þeim tækifæri til að vera virk í skriflegum verkefnum. Á þennan hátt má auka færni fleiri barna í lestri og skrift.

Með máli og skrifum komum við á framfæri óskum okkar, þörfum, tilfinningum, vonum o.s.frv. en samtímis kynnum við persónuleika okkar og eiginleika. Ef að þú hefur frá fæðingu ekki getað tjáð þig með orðum, eða getur ekki skrifað ert þú nauðbeygður til að læra að eiga samskipti í gegnum aðra og/eða takmarkaðra miðla svo sem Pictogröm og Bliss. Þú getur einnig verið svo líkamlega fatlaður að þú hafir aldrei haft tækifæri til að skrifa eða teikna.

Of fáir fatlaðir geta lesið og skrifað

David A. Koppenhaver er einn af þeim amerísku uppfinningamönnum sem hefur einbeitt sér að þeim vandamáli sem börn með tjáskiptaörðugleika eiga við að etja, þegar þau læra að lesa og skrifa. Hann bendir á að aðeins fá fötluð börn (10-30%) lesa og skrifa eins og ófatlaðir jafnaldrar þeirra.

Námsörðugleikar og þroskaröskun eru mjög algeng hjá mörgum fötluðum.

Í þessari grein verður athyglinni beint að börnum með mikla samskiptaörðugleika og skerta hreyfigetu, sem ekki geta tjáð sig með orðum. Fyrir þennan hóp getur einnig verið mög mikilvægt að geta stafað og skrifað, því að: „þegar þú getur ekki talað heldur annað fólk að heili þinn sé jafn fatlaður og líkami þinn, og það er ákaflega erfitt að breyta þeirri skoðun.“

Frjáls aðgangur að heiminum

Ef þú getur ekki talað og vilt sýna hver þú ert, þá ert þú háður skriflegum skilaboðum, viljir þú ekki verða háður takmörkunum samskiptamiðla. Fyrir einstaklinga sem ekki geta tjáð sig með orðum er skriflegt mál eini möguleikinn sem gefur sjálfstæðan og frían aðgang að heiminum.

Koppenhaver tekur dæmi, sem alls

ekki er einstakt, um 11 ára dreng sem tjáir sig með hjálp Bliss-táknanna og orða. Hann bendir á orðin „Brúnn-matur-stór-hús“. Þetta er algjörlega óskiljanlegt fyrir fólk sem ekki þekkir drenginn en kennari hans þýðir þetta sem titil bókarinnar „Kalli og súkkulaðiverksmiðjan“ eftir Roald Dahl. Drengurinn vildi segja að „Kalli og súkkulaðiverksmiðjan“ væri uppáhaldsbók hans.

Dæmið sýnir hve háður drengurinn er hæfni og skilningi annarra til þess að túlka. Hæfni til túlkunnar er síðan háð ósk einstaklingsins til þess að skilja barnið. Dæmið sýnir einnig að auðvelt er með rangri túlkun að ákveða að drengurinn sé vanhæfur til að tjá sig. Sú staðhæfing leiðir til þeirra fordóma að drengurinn sé almennt með skerta greind.

Tækni og væntingar

Koppenhaver og aðrir hafa bent á að fordómar og röng notkun þeirra tilboða sem eru til ráðstöfunnar í dag valda því að of fáir fatlaðir læra að lesa og skrifa.

Að sögn Koppenhaver er ástæðan fyrir þessu sú, að fatlaðir fá ekki sömu bókmenntalegu upplifanir og ófatlaðir jafnaldrar þeirra.

Því að:

- Áhersla og væntingar til lestrarkennslu fyrir fötluð börn er minni en hjá ófötl-uðum, sérstaklega hjá börnum með al-varlega tjáskiptaörðugleika.
- Fjöldi bóklegra viðfangsefna, sem börnin taka þátt í eru mun færri en hjá ófötl-uðum börnum og taka skemmri tíma.
- Hlutverk barnanna í bóklegum viðfangsefnum eru venjulega mjög „pass-ív“ og hafa þau iðulega litla möguleika á ákvörðunnartöku. Oft geta börnin

ekki notað tjáskiptmiðla sína og þau geta ekki spurt eða á annan hátt tekið þátt í viðfangsefninu.

- Breidd bóklegra viðfangsefna er venjulega ekki mikil, og möguleikar til að nota sér texta annars staðar frá eru litlir. T.d. er það algengt að þá sé við upplestur sem börnin komast í snertingu við skrifað mál. Þau fá hana ekki í gegnum minnismiða, skilaboð og þessháttar miðla. Börn þurfa að sjá skrifað mál notað í ákveðnum tilgangi en ekki sem einangrað viðfangsefni, sem er úr samhengi við daglegar athafnir.

Tæknin gerir viðfangsefnin að-gengilegri fyrir börn

Ameríkaninn dr. Caroline Musselwhite hélt fyrirlestur á HIT '93 um, hvernig m.a. talgervlar geta snemma á æfi barnsins notast sem miðill til að auka getu þess við að læra að lesa. Hún bennti meðal annars á að sjúkdómsgreining barnsins og atferli geta valdið því að kennarar, sálfræðingar og uppeldisfræðingar vanmeta hæfni barnanna til að læra að lesa. Þetta getur orðið til þess að foreldrarnir líta ekki á börn sín sem efni í lesendur. Þetta er mjög alvarlegt, því rannsóknir sýna að einmitt foreldrarnir, sérstaklega mæður, gegna stóru hlutverki fyrir fullorðna sem þrátt fyrir líkamlega fötlun sína hafa lært að lesa og skrifa.

Mikilvægt er því að trúa því að börnin hafi hæfni og bóklegan skilning og við skulum með öllum ráðum tengja bókstafi og skrifaðan texta daglegu lífi, svo að notagildið verði barninu ljóst. Einnig á að nota tæknina til þess að tryggja sjálfstæði og virkni barnanna.

Það er nauðsynlegt að gera væntingar til barnsins og lykilorðið er þátttaka.

Barnið á að vera eins virkt og sjálfstætt og mögulegt er.

Dr. Musselwhite talar um að skapa gagnverkandi bókasafn (interaktivt bog-center) fyrir alla nothæfa miðla sem gera það mögulegt að útfæra bókleg verkefni. Þannig geta börnin með hjálp tækninnar og eigin frumkvæðis upplifað heilan heim af sögum, leikritum, bókum, teikningum og fleiru. Koppenhaver bendir á að teikningar barnanna eigi að hengja upp svo að börnin eigi möguleika á að biðja um sögu, óska eftir sérstöku hjálpartæki eða ákveðnu verkefni. T.d. er hægt að hengja mynd af lyklaborði taltölvunnar uppá vegg svo að börnin bendi sjálf á óskir sínar. Þær eiga ekki að vera settar niður í skúffu þar sem einungis kennarar og þjálfarar geta náð til þeirra.

Aðgangur að tækni

Eitt stærsta vandamál þessara barna, sem oft eru mjög líkamlega fötluð, er að vera virk. Einmitt í þeim þætti getur ný tækni sem tölvur og talgervlar bjóða uppá hjálpað börnunum til þess að vera virkir þátttakendur.

Tölvur og talgervlar eru í dag gerðir aðgengilegir fyrir alla fatlaða. Með hjálp rofa, bendla, snertiskjáa o.fl., verða ýmis kennslu-, ritvinnslu- og samskiptaforrit aðgengileg. Annar möguleiki tölvutækninnar er að börn með tjáskiptaörðugleika öðlast meiri möguleika með því að velja á milli margvíslegra tákna, mynda, texta, tals og valmynda. Með þessum möguleikum hefur skapast grundvöllur fyrir börn með tal og skriftarörðugleika að vera virk og þroskast í gegnum þessa miðla. Tæknin hefur þannig breytt hlutverki meðferðaraðilans og er einnig að breyta verklegum þáttum meðferðar.

- Tæknin opnar möguleika fyrir börn þannig að þau geta verið virkir þátttakendur í fjölbreyttum kennsluverkefnum og geta þroskast í gegnum viðfangsefni. Þetta er ekki lengur einungis verkfæri í kennslu fyrir kennaran sjálfan, heldur verkfæri ætlað samvinnu nemanda og kennara.
- Börnin þurfa ekki lengur þjálfun til þess að nota tæknina, nú geta þau lært ný þjálfunaratriði í gegnum tæknina. Börnin upplifa að þau geta hluti sem þeim voru ekki mögulegir áður.

Notendur tákna geta kannski lesið!

Veitið athygli þeim viðbrögðum barns sem gefa til kynna að barnið skilji texta, einnig þó að það hafi ekki fengið kennslu í því. Oft teljum við að kennslan sé nauðsynleg forsenda.

Shirley McNaughton, sem í mörg ár hefur verið framarlega í alþjóðlegu Bliss samtökunum hefur fundið út að þrjú börn af hverjum sex geta lesið 70% af orðunum á Bliss töflu (sumir eftir eins árs skólagöngu) þrátt fyrir að þau hafi ekki hlotið kennslu í venjulegum texta. Hin þrjú börnin þekkja ekki orðin.

Með því að fylgja eftirfarandi atriðum getur þú gert litla prófun.

1. Ljósritið samskiptatöflu einstaklingsins.
2. Flytjið táknið á nýja samskiptatöflu í sömu stærð.
3. Hyljið eða fjarlægið táknið þannig að aðeins textinn standi eftir.
4. Fáðu einstaklinginn til að sýna þér mismunandi orð.

Reiknið út hversu margar villur hann gerir og reynið að sjá samhengi milli villanna.

(Blackstone 1989)

Sigríður K. Gísladóttir iðjubjálfi þýddi

Tölvur og smábörn

Eftirfarandi skrif eru byggð á grein í bandaríska iðjubjálfblaðinu í nóvember 1993. Greinin heitir á frummálinu „Single-Switch Computer Access for infants and Toddlers“ og er eftir Anson, Deitz og Swinth.

Grein þessi fjallar um rannsókn sem gerð var á 80 börnum á aldrinum 6–18 mánaða. Í úrtakinu voru börn með enga þekktu fötlun. Markmiðið var að kanna hve ung börn geta hugsanlega nýtt sér tölvuforrit sem byggist upp á orsök og afleiðingu. Forritinu er stýrt með einföldum rofa.

Á eðlilegum þroskaferli barns lærir það að ákveðin athöfn/hegðun kallar fram ákveðin viðbrögð, sem eru svipuð frá einu skipti til annars. Barnið upplifir að það getur haft áhrif, sem ætti að leiða til þess að barnið fær áhuga á að hafa stjórn á umhverfinu á sem margvíslegastan hátt. Fyrri reynsla er nýtt við úrlausn nýrra viðfangsefna og þannig eykst færni barnsins stig af stigi.

Þegar um hreyfihamlað barn er að ræða verður oft röskun á þessu ferli. Færri tækifæri gefast til tilrauna og tilraunir mistakast oft á tíðum. Barnið upplifir ekki

í jafn ríkum mæli að það geti haft áhrif á umhverfi sitt og hætt er við að það missi áhugann smám saman. Þessu getur síðan fylgt „lært hjálparleysi“, sem getur haft þau alvarlegu áhrif að barnið lærir ekki grunnatriði, svo sem orsök og afleiðingu, þrói ekki hæfni til að velja og eigi erfitt með að tileinka sér vitsmunalega og skynbundna færni (cognitiv and perceptual). Þessir þættir eru aftur mikilvægir fyrir eðlilega þroskaframvindu. Hætt er við að barnið verði óvirk í skóla og gefist fljótt upp við að hafa áhrif á umhverfi sitt.

Af framanrituðu má vera ljóst að brýnt er að finna leiðir til að fötluð börn læri að þau geti haft áhrif og fái að upplifa það að ná árangri. Þannig má draga úr vanmáttartilfinningu og koma í veg fyrir að barnið festist í „lærðu hjálparleysi“. Í dag gerir tæknin þetta mögulegt. Með hjálp einfaldra stýrirofa og umhverfisstjórnunartækja geta fjölfötluað börn nýtt sér tölvur í leik og starfi.

Það er ákveðin áskorun fyrir iðjubjálfa að geta ákvarðað aldursviðmið (lífaldur/þroskaaldur), sem talið er æskilegt að miða við þegar byrjað er að kynna tölvur fyrir fötluðum börnum. Það gefur ekki góða raun að byrja of snemma, en hins

vegar er erfitt að „aflæra“ lært hjálparleysi og því rétt að gera það um leið og barnið er tilbúið.

Rannsóknarforritinu var stýrt með einföldum rofa og hverju barni var leyft að æfa sig í notkun rofans. Ef barn ýtti á rofann og sleppti svo, spilaði tölvan 6 sek. langt stef úr þekktri barnavísu og hreyfimynd birtist á skjánum. Til að heyra meira varð barnið að ýta aftur á rofann. Tólf mismunandi lög voru inni í forritinu,


en ef barnið hélt rofanum stöðugt niðri, heyrðist einungis þetta stutta inngangsstef. Barnið var hvatt áfram með orðum þegar 10 sek. voru liðnar og eftir 20 sek. var barninu sýnt hvernig það ætti að gera til að fá að heyra meira.

Niðurstaða rannsóknarinnar er að allt niður í 6 mánaða gömul börn geta nýtt sér einföld forrit, þar sem áhersla er lögð á samspil orsakar og afleiðingar.

Anti-Decubitus Gel Pads Multicure[®] gelsessur

Nýr og áhrifaríkur valkostur í meðferð og til varnar þrýstingssára (Decubitus). Þær eru fáanlegar í nokkrum stærðum hvort heldur sem er fyrir rúm eða stóla.

Gelið í miðju sessunnar hefur eftirfarandi eiginleika:



- Hægt minni
- Mikla seigjueiginleika (viscosity)
- Mikla teygjueiginleika (elasticity)
- Jafnhitaeiginleika (isothermic)
- Lekur ekki

Ef þú óskar eftir frekari upplýsingum eða kynningu á vinnustað, hafðu þá samband.



Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík, sími 562 1460

Birgir Bjarnason sérkennari við Safamýrarskóla

Málörvun og tölvur

Kynning á notkun tölvu í kennslu við Safamýrarskóla

Undanfarin 11 ár hafa kennarar Safamýrarskóla notað tölvur í kennslu sinni. Nær allir nemendur fara eitthvað í tölvutíma með kennurum sínum. Þar sem geta þeirra er mjög mismunandi og sumra verulega lítil ráðast viðfangsefnin í tölvunni af því.

Einföldustu verkefni eru fólgin í að nemandinn gerir eitthvað – ýtir á rofa, kemur við snertiskjá eða annað – og eitthvað gerist við það í tölvunni – myndir birtast, hljóð heyrast o.s.frv. Þannig vonum við að nemandinn uppgötvi, skilji eða muni að hann getur haft áhrif á umhverfi sitt og fá einhverja innri umbun fyrir eigin ákvarðanir.

Erfiðari verkefni gætu verið fólgin í því að snerta skjáinn á fyrirfram ákveðnum stað og síðan aftur á öðrum stað og rekja sig þannig áfram í viðkomandi verkefni (leik). Eða að ýta á tvo eða fjóra rofa til skiptis eftir því hvort bendillinn eða hlutur á að fara til vinstri eða hægri.

Erfiðustu viðfangsefni sem duglegustu nemendur skólans ráða við eru t.d. fólgin í að stjórna músinni og smella á músartakkann á ákveðnum tíma. Eða finna bók-

stafi á lyklaborðinu sem eru eins og sá sem birtist á skjánum.

Til málörvunar höfum við notað sérstök verkefni sem eru búin til með forritinu HyperCard sem árum saman hefur verið fáanlegt í Macintosh-tölvur. Samþæfileg forrit munu nú vera til í PC-tölvur.

Í stuttu máli eru þessi verkefni fólgin í að mynd birtist á skjánum, nemandinn kemur við snertiskjáinn þar sem myndin er og tölvan segir viðeigandi orð, síðan birtist önnur mynd, o.s.frv. Einnig er hægt að láta viðeigandi orð birtast sem texta. Þannig að hægt er að láta tölvuna segja þau orð eða setningar sem fyrirfram er búið að mata inn í hana með rödd þess sem talar inn boðin.

Þetta virðist verka vel á marga nemendur sem lítið eða ekkert tala en eru á því stigi að geta byrjað að tjá sig, hvort sem er með hljóðum, orðum eða merkjum – þetta verkar hvetjandi til merkja (tákna) æfinga. Þessi verkefni hafa verið áberandi góð fyrir nokkra einhverfa og beinlínis kveikt á hæfni þeirra til að nota orð. Umræddar myndir geta verið ljósmyndir sem skannaðar hafa verið inn eða teikningar sem hægt er að fá í teiknisöfnum eða hafa

verið gerðar í eigin teikniforritum. Þannig má búa til tölvuverkefni með myndum af tilteknu barni og fólki og hlutum sem það þekkir og setja síðan viðeigandi orð og texta við hverja mynd. Auðvelt er t.d. fyrir foreldra að læra hvernig á að mata Macintosh-tölvuna með orðum og þannig getur barn fengið rödd þeirra inn á verkefni.

Í þessu sambandi má nefna talgervla t.d. þann nýjasta, Óðinn, sem reyndar ekki ekki kominn í sölu. Hann virkar þannig að hann getur lesið þann texta sem fyrir kemur í verkefninu og hægt verður að fá hann með barnsrödd. Við það sparast sú vinna sem fer í að lesa þau inn og töluvert minnisrými þar sem hljóð eru frek á það.

Einfaldar byrjendabækur í lestri hafa verið settar á tölvuform (HyperCard) og þá er verkefnið fólgið í að lesa og skrifa orð eða setningar á skjáinn. Til marks um gagnsemi forritsins má nefna að slík vinna er spurning um nokkra klukkutíma.

Mikilvægt atriði í þessu ferli er sú tilfinning nemandans að hann stjórnir því sem gerist, innri ánægja yfir að ráða við verkefnið og geta sýnt öðrum að hann getur meira en margur heldur. Stundum er einnig betra að hafa tvo saman sem gera til skiptis og læra hvor af öðrum því oft eru börn besti kennarinn eða öllu fremur það sem getur gerst milli barna.

Þau jaðartæki sem við notum helst við tölvuna eru einfaldir rofar af ýmsum gerðum, snertiskjár og músin. Snertiborð höfum við aðeins notað. Lyklaborðið er yfirleitt ekki notað sökum lítillar getu nemenda. Rofarnir tengjast BBC-tölvu en hægt er að tengja rofa við músartakkann í Macintosh-tölvu. Snertiskjáiir eru á báðum

gerðum. Skólinn hefur ekki keypt PC-tölvu en nú eru að koma á markaðinn einföld forrit fyrir nemendur skólans í slíkar tölvur. Rofar tengjast þeim tölvum.

Eins og mörgum er kunnugt hefur Safa-mýraskóli ráðgjafahlutverk fyrir allt landið. Sú ráðgjöf er yfirleitt þeim að kostnaðarlausu sem þiggur. Nokkuð hefur verið leitað til skólans vegna amerísk forrits sem inniheldur myndasafn (PCS). Þar lendar rannsóknir telja þetta myndasafn betra er Piktógrammyndir. Myndirnar eru bæði í lit og svart/hvítar. Þær eru á hvítum grunni. Hægt er að teikna eigin myndir eða fá úr öðrum söfnum og bæta inn í ef maður vill.

Tölvukaup

Ef verið er að huga að tölvukaupum hef ég reynt að setja ferlið þannig fram:

1. Skoða þann (þá) einstakling(a) sem á að nota tölvuefnið. Aldur hans, vitsmunalega getu og hreyfifærni, m.a.
2. Skoða forrit sem eru á markaðnum. PC-forrit er hægt að skoða hjá Tölvumiðstöð Fatlaðra (Sigrún) og Námsgagnastofnun. Macintosh-efni fyrir ung börn og þroskahefta er hægt að fá hjá ofanrituðum. Efni fyrir BBC-tölvur og Arkimedes-tölvur er hjá Japis-tölvudeild (Garðar) og Tölvuvinafélaginu.
3. Velja síðan tölvutegund út frá þessum atriðum.

Rofa er hægt að tengja við PC-tölvur, BBC og Arkimedes-tölvur en forritin sjálf ákvarða allt um hvernig tengist og hvað gerist.

Snertiskjái er hægt að fá á PC, Mac, BBC og sjálfsagt fleiri tegundir. Snertiskjár virkar eins og mús. Hann þarf sérstakt forrit til að virka, forrit sem fylgir með þegar hann er keyptur.

Stýripinnar tengjast beint við Mac-tölvur og virka eins og mús. Þeir geta einnig tengst PC-tölvum en þá þarf sérstakt tengibox.

PC-tölvur þurfa hljóðkort ef tónar eða tal eiga að heyrast.

Mac-tölvur hafa innbygða(n) hátalara (þurfa ekki hljóðkort) og eru flestar með hljóðnema.

Vitsmunalega er snertiskjár einfaldastur, síðan mætti nefna rofa og snertiborð þá stýripinna og kúlumús (öfuga mús) og loks músina og lyklaborðið.

Tölvur í sérkennslu

Er betra að nota tölvu í sérkennslu en í almennt kennslu? Jú, meðal annars vegna þess að ekki þarf að gera miklar kröfur til nemenda. Tveggja ára barn getur notað einfalda stæðu (verkefni) og lært af henni eins og óvart sem sennilega er besta leiðin. Aðeins þarf að geta hreyft músina og ýtt á músartakkann, ekki þarf að nota lyklaborðið.

En fleira styður tölvunotkun. Hér verður eitthvað af því talið upp en það á við um tölvur almennt og tölvunotkun í kennslu almennt:

1. Nær öllum nemendum hver sem færni þeirra er, finnst skemmtilegt að vinna við tölvu og það sem er á skjánum er athygligrípanði.
2. Hægt að tengja við tölvuna jaðarbúnað sem hentar hverjum og einum en það er þó háð ýmsu eins og tölvutegund, forritum og fleiru.
3. Til eru forrit sérstaklega ætluð sérkennslunemendum með mikla námsörðugleika, forrit sem aðeins krefjast þess að fyrir hendi sé einhver sjón eða heyrn.
4. Hægt er að finna forrit fyrir alla aldurs- og getuhópa og auðvelt er að sjá eftir viðbrögðum nemandans, hvort forrit er við hæfi.
5. Sérkennslunemandinn fær fljótt tilfinningu um að það sé hann sem stjórnir ferðinni, nokkuð sem oftast er ekki vanþörf á. Um er að ræða innri upplifun um að geta valdið einhverju, gleði yfir eigin getu og þetta hefur jákvæð áhrif á aðra þætti hjá nemandanum t.d. sjálfsmýnd hans.
6. Hægt er að þjálfra afmarkaða þætti með til þess sniðnum forritum. Ef nemandinn hefur t.d. slakt minni, er hægt að velja forrit sem æfir það sérstaklega.
7. Allar myndir geta örvað boðskipti, t.d. tákn með tali. Myndir í bók eða ljósmyndir geta verið góðar en hafa sínar takmarkanir, myndir í sjónvarpi fara oft of hratt framhjá fyrir nemanda sem á við námsörðugleika að stríða, hann nær ekki þeim skilaboðum sem þeim er ætlað að flytja, en myndum í tölvu er hægt að stjórna, hægt er að láta þær dvelja á skjánum, birtast og hverfa, koma smátt og smátt í ljós og sníða á margan hátt við þarfir hvers og eins.
8. Stundum er hægt að finna hjá nemendum (t.d. mikið fötluðum) færni sem erfitt er að finna með öðru móti en með aðstoð tölvu.
9. Auðvelt að skrá framfarir vegna þess að yfirleitt er auðséð hvort nemandinn ræður við verkefnið eða ekki.
10. Fyrir eldri nemendur er stafsetning oft vandamál. Árum saman er verið

að reyna að læra sömu atriðin og allar leiðréttingar eru leiðinlegar með útstrokunum og endurritunum. Allt annað er að skrifa á tölvu, leiðrétt er með einum slætti á takka og margar tölvur geta verið með stafsetningarforriti sem fylgist með innslætti og lætur vita um leið og orð er vitlaust skrifað. Slíkt forrit getur einnig lesið yfir skjal og fundið villur. Að vísu leiðréttir það ekki allt en þó er mikið

gagn af slíku því nemandinn hugsar um hvers vegna tölvan lætur vita um villu og hann leitar lausnar með hjálp forritsins, orðabókar eða eftir öðrum leiðum.

11. Tölvan hefur þolinmæði til endalausrar endurtekningar.

Sími Safamýrarskóla er 568-6262

Lausar stöður

Öldrunarlækningadeild Landspítalans Hátúni
100% staða

Tjaldanes
1/2 – 1/1 staða

Iðjúlundur, Akureyri
1 staða

Fjórðungssjúkrahús Akureyrar
1 1/2 staða á hjúkrunardeild

Anna Sigríður Jónsdóttir iðjupjálfi • Hrefna Óskarsdóttir iðjupjálfi
Gerður Gústafsdóttir iðjupjálfi

Leikurinn í iðjupjálfun barna

Í mars 1995 var haldið námskeið um „leikinn í iðjupjálfun barna“ eða „legen í Ergoterapeutisk behandling“. Danska iðjupjálfafélagið stóð fyrir þessu námskeiði sem var 5 daga langt og Gudrun Gejsing sá um skipulagningu og framkvæmd á námskeiðinu fyrir þeirra hönd, en hún hefur m.a. haldið námskeið um Hallewik hér á landi. Eftirfarandi er kynning á námskeiðinu sem haldið var á farfuglaheimili í Haderslev, þar sem við gistum og vorum allan sólarhringinn. Dagskráin var frá klukkun 9 á morgnana til kl. 9 á kvöldin. Þrír iðjupjálfar frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra fóru á þetta námskeið Anna Sigga, Gerður og Hrefna. Fyrirlesari var bandarískur iðjupjálfi Anita Bundy sem er prófessor í iðjupjálfun við Colorado Háskóla og fór allt námskeiðið fram á ensku.


Anita byrjaði á samantekt um það efni sem til er um leik barna, í bókmenntum. Við rannsóknir sínar hafði hún komist að

því að þrátt fyrir mikilvægi þessa þáttar í þroska allra barna, hafði ótrúlega lítið verið skrifað um þetta viðfangsefni. Hún nefndi þó til dæmis bandaríska iðjupjálmann Gary Kielhofner sem hefur gert miklar rannsóknir í sambandi við starf eða „occupation“. Hann talar um að leikur sé í rauninni starf barna og þess vegna jafn mikilvægur fyrir barnið og starfið er fyrir fullorðna. Einnig kom fram að leikurinn er hluti af lífi okkar allra fram á elliár. Anita talaði um að leikurinn hafi aldrei verið nógu mikils metinn og nefndi hún að iðjupjálfinn Jean Ayres hefði ekki notað orðið leikur í sínum skrifum, heldur orðið þjálfun eða „Art of therapy“, þrátt fyrir að þjálfunartækni hennar byggist aðallega á leik. Ástæðan fyrir þessu var að á þessum tíma var leikur ekki viðurkenndur sem alvarleg athöfn eða vinna og spurning er hvort svo sé ekki enn þann dag í dag.

Vegna þess hve lítið var til um þetta efni fór Anita Bundy að rannsaka leik og leikþroska barna betur. Hún metur leikinn ekki eingöngu útfrá líkamlegri hæfni, heldur einnig hæfileika barnsins til að lifa sig inn í leikinn. (playfulness). Samkvæmt skilgreiningu Anitu er „playfulness“ samansett úr þrem eftirtöldum þáttum :

PLAYFULNESS	internal control	= innri stjórnun
	intrinsic motivation	= eðlislæg hvöt
	internal control	= tímabundið hvarf
	freedom to suspend reality	frá raunveruleikanum (þykjustuleikur)

Út frá rannsóknum sínum þróaði hún líkan til að meta „playfulness“ og próf sem byggir á þessu líkani. Það er „Test of playfulness“ eða „TOP“.



Hún vinnur út frá þessu líkani. Þetta er vogarstöng sem sveiflast á milli þess að vera leikur eða ekki leikur. Niðurstöður úr prófinu eru merktar inn á þessa skala. Ef þú færast til hægri, þá hallast vogarstöngin í átt að „NONPLAY“.

Prófið er ætlað öllum börnum á aldrinum 2-10 ára, sem talið er að eigi í erfiðleikum með innlifun í leik (playfulness). Prófið er sérstaklega gott til að meta börn með skynheildunarvandamál eða önnur væg frávik. Prófið fer þannig fram að fylgst er með barninu í 15-20 mín í frjáls-

um leik, inni og úti. Notað er myndband til að fylgjast með barninu. Síðan er fyllt út í TOP - eyðublað, sem samanstendur af 35 þáttum í úti- og innleikjum, samtals 70

þættir. Gefið er fyrir hvern þátt eftir umfangi, ákafa og hæfni í leik (extent, intensity og skillfulness). Fyrirgjöf er á bilinu 0 upp í 3, en einnig er hægt að merkja við NA en það þýðir að ekki er hægt að gefa fyrir viðkomandi atriði. Því hærri tölu sem barnið fær því jákvæðari er niðurstaðan.

Okkur fannst þetta námskeið mjög spennandi og það kom fram margt sem var nýtt fyrir okkur. Við erum ekki farnar að nota prófið ennþá en finnum að við horfum öðruvísi á börnin í þjálfun, þ.e.a.s. hvernig þau haga sér í leiknum og samskipti

þeirra við aðra. Við sjáum fram á að þetta mun nýtast okkur best í sambandi við hópastarf og einnig væri þetta mjög gott mat til að nota á leikskólum til að finna þau börn sem eiga í erfiðleikum.

Þú kynnist manneskju betur á einum klukkutíma í leik en á samræðum við hana í heilt ár. Plato (þýðing undirritaðra)

Greinarhöfundar starfa hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra Anna Sigríður Jónsdóttir útskrifaðist árið 1984 frá Kaupmannahöfn. Hrefna Óskarsdóttir útskrifaðist árið 1983 frá Essen Þýskalandi. Gerður Gústavsdóttir útskrifaðist árið 1986 frá Osló.

Fréttir að norðan

Vegna anna iðjubjálfa norðan heiða og sviplegs fráfalls aðstoðarmanns iðjubjálfa í Kristnesi, er þetta fréttaskeyti byggt á símtali ritnefndar við Kristínu Sigur-sveinsdóttur iðjubjálfa.

Norðandeild iðjubjálfafélagsins heldur samráðsfund u. þ.b. einu sinni í mánuði. Fundir eru ýmist haldnir á vinnustöðum eða í heimahúsi og á þá mæta iðjubjálfar sem búsettir eru á Akureyrarsvæðinu auk þess að Sigríður á Sauðárkróki er alltaf boðuð líka. Samtals eru því 5-6 iðjubjálfar saman komnir. Iðjubjálfar þessir starfa á ólíkum vinnustöðum og helgast umræður á fundum því af faglegum málefnum sem snerta alla. Á síðasta fundi var t. d. mikið rætt um „Clinical Reasoning“ Einnig eru fundir notaðir til að stappa stálinu í „kollega“, þar sem flestir iðjubjálfar vinna einir á einingu.

Þó nokkrar breytingar eru á döfinni á Akureyri. Ný öldrunarlækningadeild á vegum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri er starfrækt í Kristnesi og um áramót kemur Kristín Halldórsdóttir iðjubjálfi til starfa við þá deild. Við það verða þrír iðjubjálfar starfandi á FSA og sinna öldr-

unarsviði, líkamlegri endurhæfingu og geðsviði. Til stendur að hefja tilraunarekstur á dagdeild við geðdeild FSA næsta vor. Deildin verður til húsa að Skólastíg, sem er einbýlishús og hýsir nú þegar starfsemi iðjubjálfunar. Þar mun verða staða fyrir einn iðjubjálfa. Auk þess er ráðgert að þrjár aðrar stöður verði tengdar dagdeildinni, en þær hafa enn ekki verið „eyrnamerkta“ ákveðinni fagstétt. Þessi tilraunarekstur er fyrirhugaður í tvö ár a. m. k. og er fé til rekstursins fengið með því að laglegudeildin að Sólbrekku verður lögð niður um áramótin. Vinna við mótun starfseminnar er á frumstigi; mestur tími fer í að ræða þjónustuform og hugmyndafræði og því ekki búið að ákveða hve mörgum sjúklingum verður hægt að sinna með þessari nýju þjónustu.

Af ofanrituðu má lesa að nóg er um ný og spennandi viðfangsefni fyrir noðran og þörf fyrir liðsauka.

Kveðja frá norðandeild

epal

Stóllinn

er fundinn!

Skrifborðsstóllinn sem sameinar
alla helstu kosti góðs stóls
og er jafnframt á viðráðan-
legu verði er loksins
fundinn!

SAVO

Frábær stóll
á ótrúlegu verði!

epal 20 ára

...og þú gengur að gæðunum vísum

STILLI.HF

EPAL HF. • FAXAFENI 7 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 568 7733 • FAX 568 7740



Tímamantanir í síma 91-652885



STOÐ hf. er alhliða stoðtækjafyrirtæki og leggur áherslu á persónulega þjónustu.

STOÐ hf. er öflugasta stoðtækjafyrirtæki landsins. Innan fyrirtækisins er besta fáanleg þekking og kunnátta á öllum sviðum stoðtækja og hjálpartækja og tækjabúnaður er hinn fullkomnasti.

STOÐ hf. smíðar gervilími, sjúkraskó, innlegg o.fl. í samráði við lækna og sjúkra- og iðjuþjálfra.


Einnig eru stöðluð stoðtæki og hjálpartæki, svo sem stoðbelti, umbúðir, hálskragar, hjólastólar og gervibrjóst, aðlöguð að þörfum viðskiptavina.

STOÐ hf. er óháð framleiðendum og notar bæði innlendan og erlendan búnað eftir því sem best hentar hverjum og einum.

Hjá STOÐ hf. hafa gæðin forgang. Til að bæta gæðin og þjónustuna leggur fyrirtækið áherslu á frumkvæði, ábyrgð og jákvætt umhverfi þar sem bæði starfsmönnum og viðskiptavinum líður vel.




skertpla



Ein einasta yfirdýna tryggir hvaða prinsessu sem er góðan nætursvefn

Góð yfirdýna getur breytt martröð hvaða prinsessu sem er í sælusvefn. Yfirdýnur eru til af ýmsum gerðum. Einn megin-kostur þeirra er hve vel þær einangra gegn kulda. **Latex-dýnur** eru úr náttúrugúmmí, sem




heldur ekki raka að líkamanum og í það safnast hvorki ryk né óhreinindi. **Eggja-bakkadýnur** verma sérlega vel og mýkja og hafa einstaka fjöðrunareiginleika. Þær henta bakveiku fólki mjög vel. **Yfirdýna úr svampi**, sérsniðin að

þinni dýnu mýkir og vermir rúmið þitt. Þegar þú færð þér nýja, vandaða rúmdýnu er það sjálfsögð fyrirhyggja að hlífa henni gegn sliti og óhreinindum með þægilegri yfirdýnu. Góða nótt.

ell
ess
LYSTADÚN-SNÆLAND hf



Garaventa . . . Nr. 1 í stigalyftum.



Frá 1978 hafa **Garaventa** stigalyftur gert fötluðum kleift að komast á staði sem voru þeim áður ókleifir.



ÁRVÍK HF.

OTISLYFTUR HF.

ÁRMÚLI 1 • 128 REYKJAVÍK • SÍMI 568 7222 • FAX 568 7295

